

*Lög um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 49.*

*Lög um Kennaraskóla Íslands, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 50.*

*Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 51.*

*Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 52.*

*Lög um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 53.*

*Lög um breyting á lögum nr. 76 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 66 1940, um stríðsslysaftryggingu sjómanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 54.*

*Lög um viðauka við lög nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 55.*

*Lög um breyting á lögum nr. 105 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 56.*

**33** **Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 13. tbl. Lögbirtingablaðsins**  
 9. marz **1943, um breytingar á fyrirmælum brezka sjóliðsins um bannsvæði á Seyðisfirði og Eyjafirði.**

Brezka sjóliðið hefur ákveðið að breyta áður auglýstum bannsvæðum á Seyðisfirði og Eyjafirði, sem hér segir:

**Seyðisfjörður:** Eftirfarandi bannsvæði eru afnumin:

Bannsvæði (b), auglýst í Lögbirtingablaðinu nr. 71, hinn 27. desember 1940.

Bannsvæði auglýst í Lögbirtingablaði nr. 16, hinn 14. apríl 1942.

Bannsvæði auglýst í Lögbirtingablaði nr. 52, hinn 25. september 1942.

Í stað þessara svæða kemur nýtt svæði, þar sem bannaðar eru veiðar og akkerislegur skipa, og afmarkast það á eftirfarandi hátt:

a. **Austurtakmörk:** Bein lína dregin 7,25 sjómílar í 351° stefnu frá Dalatangavita, og bein lína frá þeim stað í 270° stefnu í skerið við Álftanes (sömu austurtakmörk og á bannsvæði auglýsingar 14. apríl 1942).

b. **Vesturtakmörk:** Bein lína dregin yfir fjörðinn í 327° stefnu frá stað, sem er 3,02 sjómílar í 247° stefnu frá Brimnesvita.

**Eyjafjörður:** Bannsvæði það, sem auglýst er í Lögbirtingablaðinu nr. 71, hinn 27. desember 1940 stækkar þannig, að norður takmörk þess færast 1,5 sjómílar til norðurs.

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst 1942, sem birt er í 44. tölublaði Lögbirtingablaðsins frá 14. s. m., breytast ákvæði 1. töluliðs a, b og b og 2. töluliðs III. kafla samkvæmt framansögðu.

